

Mánudaginn 3. maí 1954.

Nr. 1/1951. **Július Ingibergsson** (Egill Sigurgeirsson)
 gegn
Gústaf Finnbogasyni (Gunnar Möller).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Meiðyrðamál. Fyrning refsingar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1951 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. desember 1950, gerir þær kröfur, að stefnda verði dæmd refsing fyrir ummæli þau, er í héraðsstefnu greinir, að ummælin verði ómerkt og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Með vætti vitnanna Friðgeirs Guðmundssonar, Ögmundar Ólafssonar, Stefáns Pálssonar og Torfa Torfasonar verður að telja sannað, að stefndi hafi að kvöldi 27. ágúst 1948 haft þau ummæli um áfrýjanda, að hann ásamt bróður sínum, Páli, hafi stolið og notað í eigin þágu gjaldeyri, sem fengizt hafi í Svíþjóð við sölu á ljóskastara v/b Reynis, að hjá þeim bræðrum tyldi enginn maður, þar sem þeir stælu af laununum, og legufærum bátsins hefðu þeir stolið frá útgerðinni. Önnur meiðyrði, sem stefnt er út af, verða ekki talin sönnuð.

Svo sem segir í héraðsdómi, var heimild til að höfða einkamál til refsingar út af meiðyrðum þessum niður fallin samkvæmt 29. gr. laga nr. 19/1940, er mál þetta var höfðað. Hins vegar tekur ofangreind lagagrein ekki til ómerkingar samkvæmt orðum sínum, og ekki þykir næg ástæða til að beita henni með lögjöfnun um ómerkingarkröfu. Áfrýjandi hefur því ekki glatað rétti sínum til að fá ummælin dæmd ómerk. Ber því að ómerkja þau framangreind meiðyrði, sem telja ber sönnuð, þar eð þau hafa ekki verið réttlætt.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1.500,00.

Dómsorð :

Stefndi, Gústaf Finnbogason, á að vera sýkn af refsikröfu áfrýjanda, Júlíusar Ingibergssonar, í máli þessu.

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1.500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Árna Tryggvasonar hrd.

Rök þau og sjónarmið, er liggja til grundvallar ákvæðum 29. gr. laga nr. 19/1940, um fresti til að krefjast málshöfðunar eða höfða mál til refsingar, eiga einnig við, að því er varðar mál til ómerkingar óviðurkvæmilegra ummæla. Um slík mál er því rétt að beita nefndri lagagrein samkvæmt lögjöfnun. Með þessari athugasemd tel ég, að staðfesta beri ákvæði héraðsdóms um sýknu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð mitt er því þannig:

Stefndi, Gústaf Finnbogason, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Júlíusar Ingibergssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja beri málskostnað sinn í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 29. apríl 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, af Júlíusi Ingibergssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, með stefnu, út gefinni 17. janúar 1950, birtri sama dag, en sáttakæra var út gefin 12. sama mánaðar og birt hinn 13. s. m., á hendur Gústaf Finnbogasyni, Stíghúsi, Vestmannaeyjum, til ómerkingar og refsingar fyrir meiðandi ummæli, er hann telur, að stefndur hafi viðhaft um sig í ágúst 1948, er þeir voru á síldveiðum á m/s Reyni fyrir Norðurlandi. Var stefnandi vélstjóri á skipinu, en stefndur háseti.

Í sáttakæru lýsir stefnandi ummælinum á þessa leið:

„Hann kallaði mig og Pál, bróður minn, þjóf, sagði, að við hefðum stolið frá útgerðinni, m. a. ljóskastara, sem við hefðum keypt í Svíþjóð fyrir útgerðina, og notað gjaldeyrinn í okkar eigin þágu. Þá hefðum við stolið lífbátnum og selt legufærin og notað andvirði þeirra sömuleiðis í eigin þágu. Þá tylldi enginn maður hjá okkur, vegna þess að við stælum af þeim, og væri svo komið, að enginn fengist á skipið nema Færeyingar og ræflar. Auk þess fleira, sem hneig í sömu átt.“

Ummæli þessi, kveður stefnandi, að stefndur hafi viðhaft í áheyrn skipverja m/s Reynis. Þá hafi hann einnig viðhaft lík ummæli í áheyrn Þorvalds Guðjónssonar og Sigfúsar Baldvinssonar, sem báðir eiga heima á Akureyri, og muni hann þá auk þess hafa sagt,

„að við Páll gerðum allt fyrir peninga“.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að ofangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefndur verði dæmdur fyrir þau í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, og hann verði dæmdur til að greiða allan kostnað af máli þessu að skaðlausu.

Stefndur hefur mætt í málinu og gert þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnanda, en stefnandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins og auk þess sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi aldrei látið sér um munn fara þau orð og ummæli, sem stefnt er út af. Hins vegar kveðst hann hafa spurt stefnanda, hvar hann hefði keypt ljóskastarann, sem væri um borð í m/s Reyni, en slíka spurningu kveðst hann ekki telja refsiverða. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að refsikrafa fyrir hin umstefndu ummæli sé ekki lengur til, þar sem málið hafi ekki verið höfðað, fyrr en löngu eftir að málshöfðunarfrestur var liðinn skv. 29. gr. alm. hegnl.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð frá fjórum skipverjum á m/s Reyni, dags. 9. jan. 1949, og segir þar, að stefndur hafi viðhaft þau ummæli, sem tilfærð eru hér að framan, að kvöldi hins 27. ágúst 1948 og eins daginn eftir, hinn 28. ágúst. Þá hefur stefnandi einnig lagt fram vottorð frá Þorvaldi Guðjónssyni og Sigfúsi Baldvinssyni, dags. 22. febr. 1950, þar sem fram er tekið, að hinn 27. ágúst 1948, kl. á milli 2—3 um nóttina, hafi stefndur viðhaft ýmis meiðandi ummæli um bróður stefnanda, Pál Ingibergsson. Eru ummælin tilfærð í vottorðinu, og ganga þau í líka átt og hin umstefndu ummæli, en hvergi er að því vikið, að stefndur hafi í umrætt skipti viðhaft nein óviðurkvæmileg ummæli um stefnanda máls þessa. Vottorðið er því þýðingarlítið fyrir mál þetta.

Lögð hefur verið fram útskrift úr lögregluþingbók Vestmannaeyja, sem ber það með sér, að þrjár skipverjanna á m/s Reyni, sem ofangreint vottorð gáfu, hafa staðfest það fyrir lögregluréttinum. Þá kemur það einnig fram í útskriftinni, að hinn 14. febrúar 1949 mætir stefnandi fyrir lögregluréttinum til þess að bera vitni út af kæru

frá stefndum á hendur Páli Ingibergssyni, bróður stefnanda, vegna líkamsárásar. Í þessu réttarhaldi krafðist stefnandi þess, að stefndur yrði látinn sæta viðurlögum skv. 236. gr. alm. hegnl. fyrir þau um-mæli, sem stefnt er út af í máli þessu. Krafa þessi var færð til bókar, en ekki sinnt af eðlilegum ástæðum, þar sem ekki var heimilt að höfða opinbert mál gegn stefndum af þessum sökum.

Samkv. 29. gr. alm. hegningarlaga fellur niður heimild til þess að höfða einkamál til refsingar, sé mál ekki höfðað innan 6 mánaða frá því, að sá, sem heimildina hafði, fékk vitneskju um hinn seka. Um-mæli þau, sem hér er stefnt út af, voru viðhöfð hinn 27. ágúst og 28. s. m., og ljóst er, að stefnanda var þá þegar kunnugt um þau, enda eru þau að mestu leyti viðhöfð við hann sjálfan. Heimild til máls-höfðunar var því niður fallin að 6 mánuðum liðnum frá þeim tíma, þar sem ekki er unnt að fallast á, að krafa stefnanda um refsingu, er hann setti fram í lögregluréttinum 14. febr. 1949, hafi í för með sér lengingu á málshöfðunarfrestinum. Þykir því bera að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkv. þessum úrslitum þykir bera að dæma stefnanda til þess að greiða stefndum kr. 200,00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera :

Stefndur, Gústaf Finnbogason, skal sýkn af kröfum stefnanda, Júlíusar Ingibergssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Júlíus Ingibergsson, greiði stefndum, Gústaf Finnbogasyni, kr. 200,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 4. maí 1954.

Nr. 42/1952. **Helgi Benediktsson og Guðmundur H. Oddsson** (Sigurður Ólason)

gegn

Birni Jóhannssyni og Kristjáni Torfasyni
(Gústaf A. Sveinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Deilt um, hvort tilteknir munir fylgdu skipi við uppboðssölu.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur, sem eru einir sameigendur v/s Odds, ÍS. 205, hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. marz